

Um 16 milljarðar í Sjóvá til að styrkja eiginfjárstöðuna

Fjárhagslegri endurskipulagningu Sjóvár er lokið. Nýtt félag undir merkjum Sjóvár verður stofnað sem yfirtekur einungis váttryggingastarfsemi hins eldra félags. Þetta felur í sér að fasteignatengd fjárfestingastarfsemi er skilin frá hefðbundinni váttryggingastarfsemi Sjóvár. Viðskiptaráðuneytið segir í tilkynningu að staða tryggingataka sé örugg.

Glitnir, SAT eignarhaldsfélag (félag í eigu Glitnis) og Íslandsbanki, hafa lagt um 16 milljarða inn í Sjóvá til að bæta eiginfjárstöðu félagsins og tryggja rekstur þess til framtíðar. Ríkissjóður hefur veitt SAT eignarhaldsfélagi fyrirgreiðslu, í formi skuldabréfa, gegn veði í hlutfjáreign SAT eignarhaldsfélags í Sjóvá. Með aðkomu sinni vilja stjórnvöld standa vörð um kröfur ríkisins og um leið hagsmuni fjölmargra váttryggingataka. Hafinn verður undirbúningur að formlegu sölufarli Sjóvár á næstu mánuðum.

Með endurskipulagningunni uppfyllir Sjóvá öll skilyrði Fjármálaeftirlitsins um váttryggingastarfsemi, félagið hefur nægar eignir á móti váttryggingaskuld og eiginfjárstaða þess er traust.

Sú rannsókn sem nú stendur yfir af hálfu yfirvalda snertir í engu núverandi starfsemi Sjóvár. Starfsmenn félagsins munu veita yfirvöldum allar upplýsingar og aðstoða við rannsókn málsins eins og kostur er.

Í yfirlýsingu vegna þessa segist Hörður Arnarson, forstjóri Sjóvár vera afar ánægður með niðurstöðuna:

„Með víðtæku samstarfi Glitnis, Íslandsbanka, stjórnvalda og Fjármálaeftirlitsins hefur rekstur Sjóvár verið tryggður til framtíðar sem og hagsmunir váttryggingataka félagsins. Sjóvá mun hér eftir sem hingað til leggja höfuðáherslu á að veita viðskiptavinum sínum fyrsta flokks þjónustu og vera í fararbroddi á íslenskum váttryggingamarkaði.“

Viðskiptaráðuneytið staðfestir trausta stöðu

Í tilkynningu frá viðskiptaráðuneytinu því lýst yfir að staða tryggingataka Sjóvár sé örugg.

Bent er á að undanfarna mánuði hafi verið unnið að endurskipulagningu rekstrar og fjárhags tryggingafélagsins sem hafi verið undir sérstöku eftirliti Fjármálaeftirlitsins (FME) á þar sem það uppfyllti ekki skilyrði um gjaldþol váttryggingafélaga.

FME hefur auk þess gert umfangsmikla rannsókn á rekstri og stöðu váttryggingafélagsins. Hefur rannsóknin leitt til þess að ákveðnum þáttum var vísað til sérstaks saksóknara sem tekur ákvörðun um hvort ákærur verða gefnar út.

Það er mat FME að flutningur váttryggingastofna yfir í nýtt váttryggingarfélag sem rekið væri undir merkjum Sjóvár – Almennra trygginga sé ákjósanlegasta leiðin sem minnst raskar hagsmunum váttryggingartaka, segir í tilkynningunni. Þá er ekki talið líklegt að önnur innlend tryggingafélög geti að óbreyttu tekið við váttryggingastofnum Sjóvár:

"Viðskiptaráðuneytið er sammála þessu mati og telur jafnframt ljóst að ekki sé grundvöllur fyrir áframhaldandi starfsemi Sjóvá- Almennra trygginga að óbreyttu.

Vegna þessa mun nýtt váttryggingafélag sem stofnað hefur verið um váttryggingarekstur Sjóvá-Almennra trygginga h.f. taka yfir váttryggingareksturinn.

Fjármálaeftirlitið mun birta auglýsingu um flutning váttryggingastofna Sjóvá-Almennra trygginga h.f. til hins nýja félags og þau réttindi sem váttryggingartökum eru tryggð við slíkan flutning. Hið nýja félag mun starfa undir merkjum Sjóvá.

Að mati ráðuneytisins eru hagsmunir váttryggingartaka og annarra sem eiga hagsmuni á grundvelli váttryggingarsamninga tryggðir með þeim aðgerðum sem hér hefur verið gerð grein fyrir."